

Skilmálar – Talsímaþjónusta Símans

1. Almenn

Skilmálar þessir gilda um um Heimilispakka Símans sem felur í sér samsetta þjónustu sem inniheldur fleiri en eina þjónustutegund sem seld er undir heitinu Heimilispakkinn.

Almennir viðskiptaskilmálar Símans og sértækir skilmálar hvernar þjónustu gilda um Heimilispakkann. Stangist ákvæði annara skilmála á við ákvæði þessara skilmála, skulu ákvæði þessara skilmála ganga fram.

Skilmálar Heimilispakkans, eins og þeir eru hverju sinni, eru birtir á www.siminn.is. Nánari upplýsingar um notkunarmöguleika Heimilispakkans er einnig að finna á www.siminn.is

Verð fyrir þjónustuna kemur fram í verðskrá eins og hún er á hverjum tíma.

2. Heimasími

Til þess að nýta Endalausar heimasíma þarf viðskiptavinur að tengja símtæki sitt við netbeini (VOIP). Ef viðskiptavinur er ekki með rétta gerð af beini er hægt að nálgast nýjan beini í næstu verslun Símans eða til endursöluaðila

Hafi viðskiptavinur ekki tengt símtækið við netbeini innan 10 daga frá kaupum á Heimilispakkanum þá áskilur Síminn sér rétt til að flytja númerið í netbeininn, og þegar við á, sagt upp fyrri fastlínu talsímaþjónustunni.

Við flutning af almenna talsímakerfinu og yfir í Endalausar heimasíma geta sérþjónustur heimasíma dottið út og mögulega ekki verið í boði að fá aftur. Það er á ábyrgð viðskiptavinar að kynna sér virkni þjónustu og að þjónustan virki með fullnægjandi hætti eftir flutning. Síminn bætir ekki upp mögulegan skaða sem þetta kann að valda.

3. Internet

Innifalið gagnamagn er 500 GB

Fari viðskiptavinur umfram innifalið gagnamagn gilda sömu skilmálar og fyrir aðrar internetáskriftir.

4. Sjónvarpsþjónusta Símans

Í Heimilispakkanum er innifalin áskrift að Sjónvarpsþjónustu Símans, Sjónvarp Símans Premium, og erlendar rásir.

Í Heimilispakkanum fylgja 3 samtímastraumar með Sjónvarpsþjónustu Símans, að öðru leyti gilda skilmálar fyrir Sjónvarpsþjónustu Símans.

5. Viðbótarþjónusta

Viðskiptavinir Heimilispakka geta fengið tífalda stækkun á gagnamagni tiltekinna áskriftarleiða. Stækkunin gildir eingöngu um eftirtaldar áskriftarleiðir

- Endalausar mínútur
- Þenna
- Fyrirtækjaáskrift
- 4G Netáskrift

Síminn getur fjölgað áskriftarleiðum sem falla undir grein 5.1. eins og félagið telur nauðsynlegt hverju sinni og er það þá tekið fram í verðskrá viðkomandi áskriftarleiðar.

Viðskiptavinur, þ.e. einstaklingur en ekki lögaðili, sem kaupir Heimilspakka getur tengt farsímaþjónustu fjölskyldumeðlima við Heimilspakka og njóta viðkomandi einstaklingar einnig tífaldrar stækkunar gagnamagns, að því gefnu að fjölskyldumeðlimur sé í viðeigandi áskriftarleiðum sbr. grein 5.1.

Viðskiptavinur getur tengt að hámarki sex farsímanúmer við Heimilspakka. Með fjölskyldumeðlim er átt við einstakling sem býr á sama heimili og viðskiptavinur Heimilspakka sem og börn viðskiptavinar Heimilspakka, þótt þau deili ekki sama heimili. Hver fjölskyldumeðlimur getur aftengt sitt númer sem og viðskiptavinur Heimilspakka getur aftengt númer fjölskyldumeðlima og gildir stækkunin út þann mánuð þegar aftenging er tilkynnt Símanum.

Með tengingunni fá viðskiptavinir farsímanúmer upplýsingar um nafn þess viðskiptavinar að Heimilspakka sem tengdi farsímanúmer hans við pakkann.

Ónýtt innfalið gagnamagn færist ekki á milli mánaða, nema annað sé skýrlega tekið fram í skilmálum eða verðskrá viðkomandi farsímaáskriftarleiðar.

Síminn áskilur sér rétt til þess að takmarka, draga úr eða loka farsímaþjónustu viðskiptavinar og/eða fjölskyldumeðlima, ef notkun á farsímaþjónustunni hefur neikvæð áhrif á upplifun og notkun annarra notenda á farsímakerfi Símans, eða rekstur og virkni kerfisins, hvort sem það er í hluta eða heild. Skal Síminn leitast við að tilkynna um slíkar takmarkanir fyrirfram nema takmörkun sé nauðsynleg af brýnum ástæðum og skal þá tilkynna notenda um lokun eins fljótt og kostur er.

6. Uppsögn

Óski viðskiptavinur eftir því að segja upp Heimilspakka en halda áskrift af stökum þjónustubáttum áfram, þá er gjaldfært á grundvelli verðskrár vegna viðkomandi þjónustu og gilda skilmálar viðkomandi þjónustu eftir því sem við á hverju sinni.

7. Gildistími

Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum eða verðlagningu þjónustunnar, einhliða með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara. Verða slíkar breytingar tilkynntar viðskiptavini með nægilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum hf. og gilda frá 1. maí 2021 og til þess tíma er nýir skilmálar taka gildi

